




HAFNARFJÖRÐUR

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	24/5 2018
Málsnr:	1801455
Bréfal:	2551

Málsnr. 1801455

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Knattspyrnufélagið Haukar, kt. 600169-0419, Ásvöllum, Hafnarfirði, gera með sér eftirfarandi:

VILJAYFIRLÝSINGU

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar 2018-2021 er gert ráð fyrir að á árinu 2017 verði framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að á árunum 2018—2021 verði unnið að byggingu knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum og er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir að á árinu 2018 verði gert samkomulag um undirbúning og hönnun þess verkefnis.

Með vísan til framangreinds lýsa aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knatthúss í huga. Gert er ráð fyrir að knatthúsið risi norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins.

Samhliða framangreindu munu aðilar setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem mun fjalla um gerð og hönnun hússins og skal stefnt að því að nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. nóvember 2018.

Jafnframt mun Knattspyrnufélagið Haukar afsala sér lóðarskika, vestan íþróttamiðstöðvar, til bæjarins og mun núverandi lóð Knattspyrnufélagsins Hauka því minnka til samræmis við það. Aðilar eru sammála um að umræddur lóðarskiki verði ætlaður til annarra nota en byggingu íþróttamannvirkja.

Umrædd lóð Ásvellir 1 er í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar en var úthlutað til Knattspyrnufélagsins Hauka árið 1989. Fyrir liggur að formlegur lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar hefur ekki verið undirritaður og eru aðilar sammála um að því þurfi að ljúka sem allra fyrst.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint uppfyllt er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum.


Hafnarfirði, 24. maí 2018

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar



Haraldur L. Haraldsson, Bæjarstjóri

F.h. Knattspyrnufélagsins Hauka



Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Knattspyrnufélagsins Hauka

Vottar að rétttri dags. og undirskrift:

